

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/54/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 115/17/COL frá 12. júlí 2017 um samræmi við einingarverð í Noregi skv. 17. gr. gerðarinnar sem vísað er til í lið 66wm í XIII. viðauka við EES-samninginn (<i>framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt – gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu</i>) 1	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/54/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8394 – Essilor/Luxottica) 3	
2017/EES/54/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8481 – ABP Food Group/Fane Valley/Linden Foods) 4	
2017/EES/54/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8513 – Infineon Technologies/SAIC Motor/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð 5	
2017/EES/54/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8576 – Balder/Varma/Serena) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð 6	
2017/EES/54/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8589 – SCOR/MutRé) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð 7	
2017/EES/54/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8591 – VW Credit/Daimler/AutoGravity) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð 8	
2017/EES/54/08	Upphaf málsmeðferðar (mál M.8084 – Bayer/Monsanto) 9	
2017/EES/54/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8251 – Bite/Tele2/Telia Lietuva/JV) 10	

2017/EES/54/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8286 – RHI/Magnesita Refratários)	10
2017/EES/54/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8305 – Rockwell Collins/B/E Aerospace)	11
2017/EES/54/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8401 – J&J/Actelion)	11
2017/EES/54/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8449 – Peugeot/Opel)	12
2017/EES/54/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8545 – Bain Capital Investors/Reiff tyre)	12
2017/EES/54/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8564 – Viacom International Media Networks Italia/De Agostini Editore/ DeA Broadcast JV)	13
2017/EES/54/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8568 – Total/Atos/Intouch Corp/Intouch SAS)	13
2017/EES/54/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8579 – HgCapital/Visma)	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/54/01

nr. 115/17/COL

frá 12. júlí 2017

um samræmi við einingarverð í Noregi skv. 17. gr. gerðarinnar sem vísað er til í lið 66wm í XIII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu*)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til gerðarinnar, sem vísað er til í lið 66u í XIII. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu*), einkum 1. mgr. 16. gr. hennar og gerðarinnar, sem vísað er til í lið 66wm í XIII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu*), einkum d-liðar 1. mgr. 17. gr. hennar, hvor tveggja með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn,

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 391/2013 er mælt fyrir um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu. Sameiginlega gjaldtökukerfið er óaðskiljanlegur þáttur í því að ná markmiðum frammistöðustöðukerfisins, eins og ákvarðað er samkvæmt 11. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 66t í XIII. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými*), og gerðinni sem getið er í lið 66xf í XIII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta*) („reglugerð (ESB) nr. 390/2013“).
- 2) Í gerðinni, sem vísað er til í lið 66xe í XIII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/132/ESB um að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og viðvörðunarmörk fyrir annað viðmiðunartímabilið 2015-2019*), eru sett fram frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins, þ.m.t. markmið um kostnaðarhagkvæmni fyrir flugleiðsöguþjónustu þar sem sett er fram ákvarðað einingarverð fyrir veitingu þeirrar þjónustu fyrir annað viðmiðunartímabilið sem tekur til 2015–2019.
- 3) Samkvæmt b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 391/2013, á Eftirlitsstofnun EFTA að meta einingarverð fyrir gjaldtökusvæði fyrir 2017, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram í samræmi við kröfur 1. og 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar. Matið snýst um það hvort þetta einingarverð uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 390/2013 og (ESB) nr. 391/2013.
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA hefur framkvæmt mat sitt á einingarverðinu með aðstoð matseiningar innan Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (e. *Eurocontrol's Performance Review Unit*) og aðalskrifstofu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu sem sér um að innheimta leiðargjöld (e. *Central Route Charges Office*) og með því að nota gögn og viðbótarupplýsingar, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram, svo og skýrslu innlendra eftirlitsyfirvalda um mat á kostnaði sem er undanþeginn fyrirkomulagi um kostnaðarskiptingu.
- 5) Á grunni þessa mats hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu, í samræmi við d-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 391/2013, að einingarverð fyrir gjaldtökusvæði fyrir 2017, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram, uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 390/2013 og (ESB) nr. 391/2013.
- 6) Tilkyнна ætti stjórnvöldum í Noregi um þessa niðurstöðu samkvæmt d-lið 1. mgr. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Einingarverðið fyrir 2017, 430,06 norskar krónur, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram, samrýmist gerðinni sem um getur í lið 66xf í XIII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta*) og gerðinni sem um getur í lið 66wm í XIII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu*).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.

Gjört í Brussel 12. júlí 2017.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sven Erik Svedman

Forseti

Helga Jónsdóttir

Stjórnarmaður

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/54/02

(mál M.8394 – Essilor/Luxottica)

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Essilor International S.A. („Essilor“) og ítalska fyrirtækið Luxottica Group S.p.A. („Luxottica“), sameinast að fullu, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Essilor: starfar á öllum stigum sjónglerjaframleiðslu, allt frá þróun til hönnunar til framleiðslu og heildsölu, með sérstaka áherslu á rannsóknarstarf og þróun. Essilor framleiðir einnig og markaðssetur vélar, tæki og þjónustu til sérfræðinga á sviði augnheilsu.
 - Luxottica: hannar, framleiðir og dreifir gleraugum og sólgleraugum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 287, 31. ágúst 2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8394 – Essilor/Luxottica og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8481 – ABP Food Group/Fane Valley/Linden Foods)

2017/EES/54/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið ABP Food Group („ABP“) öðlast með hlutafjárkaupum, ásamt breska fyrirtækinu Fane Valley Co-Operative Society Limited („Fane Valley“), í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Linden Foods Limited („Linden“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ABP: nautgripa- og sauðfjárslátrun, kjötvinnsla og safnar og vinnur tengdar hliðarafurðir úr dýrum.
 - Fane Valley: samvinnufélag í eigu bænda og leggur stund á nautripa- og sauðfjárslátrun, kjötvinnslu og safnar og vinnur hliðarafurðir úr dýrum. Fane Valley framleiðir einnig morgunkorn, slátur, fitu og prótín til mannelis og rekur smásöluverslanir og vörugeymslur.
 - Linden: lýtur sem stendur einkayfirráðum Fane Valley og stundar nautgripa- og sauðfjárslátrun og kjötvinnslu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB (C 290, 1. september 2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8481 – ABP Food Group/Fane Valley/Linden Foods og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8513 – Infineon Technologies/SAIC Motor/JV)

2017/EES/54/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið SAIC Motor Corporation Limited („SAIC Motor“) og þýska fyrirtækið Infineon Technologies AG („Infineon“) öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginleg verkefni í sameiningu yfirráð, í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í kínverska fyrirtækinu SAIC Infineon Automotive Power Modules (Shanghai) Co., Ltd („SAIC Infineon Modules“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SAIC Motor: kínverskur bifreiðaframleiðandi sem er skráður á A-markaði í Kína. Starfsemin tekur til rannsókna, framleiðslu og bifreiðasölu, bæði einkabifreiða og atvinnubifreiða. Þá tekur starfsemi einnig til íhluta (véla, girkassa, drifbúnaðar, grinda, innréttinga, ytra útlits og margs konar rafeindabúnaðar) og vöruferlisstjórnunar, fjarvirkni bifreiða, sölu notaðra bifreiða og fjármögnunar bifreiða.
 - Infineon: skráð fyrirtæki í kauphöllinni í Frankfurt og er meginstarfsemi fyrirtækisins á sviði bifreiða (hálfleiðarar fyrir drifbúnað, rafeindabúnaður til þæginda og öryggiskerfi), aflgjafa fyrir iðnað (orkuhálfleiðarar og -einingar sem eru notuð við framleiðslu, flutning og notkun raforku), orkustýringar og fjölmarkaðslausna (hálfleiðarar fyrir orkusparnaðarstýringu og hátíðni-búnaður) og öryggi samrásarkorta.
 - SAIC Infineon Modules: mun framleiða og selja orkueiningar fyrir einangraða, tveggja póla tansistora á grind (orkuhálfleiðara) fyrir tvinnbíla og rafbíla í Kína.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stj. ESB (C 284, 29. ágúst 2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8513 – Infineon Technologies/SAIC Motor/JV og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stj. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stj. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/54/05****(mál M.8576 – Balder/Varma/Serena)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Fastighets AB Balder („Balder“) og finnska fyrirtækið Varma Mutual Pension Insurance Company („Varma“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í finnska fyrirtækinu Serena Properties AB („Serena“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Balder: fasteignafyrirtæki sem er skráð í kauphöll og á, stýrir og þróar íbúðar- og atvinnuhúsnæði og hótél í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi.
 - Varma: gagnkvæmt lífeyrstryggingafélag sem eru í eigu fyrirtækja viðskiptavina sinna og sjálfstætt starfandi aðila, váttryggðra starfsmanna og eigenda ábyrgðarfjárins. Varma fjárfestir m.a. í finnskum fasteignafélögum.
 - Serena: fasteignafélag sem starfar á finnskum fasteignamarkaði fyrir atvinnuhúsnæði og sérhæfir sig í verslunarhúsnæði, t.d. fyrir matvöruverslanir og lágvöruverslanir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 286, 30. ágúst 2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8576 – Balder/Varma/Serena og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/54/06****(mál M.8589 – SCOR/MutRé)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið SCOR Global Life SE, dótturfélag frönsku endurtryggingasamsteypunnar SCOR SE, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu MutRé S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SCOR Global Life SE: dótturfélag endurtryggingasamsteypunnar SCOR SE, er heildstætt endurtryggingafélag á sviði líftrygginga og starfsemi þess tekur m.a. til verndar, fjármálalausna og langlífis.
 - MutRé S.A.: franskt endurtryggingafélag á sviði líftrygginga sem endurbyggir áhættu sem tengist tryggingasamningum sem váttryggingafélög ábyrgjast m.a. vegna andláts, lyfjakostnaðar, örorku, atvinnumissis, ósjálfstæðis og slysa.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 281, 26. ágúst 2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8589 – SCOR/MutRé og eftirfarandi póstarsítnun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8591 – VW Credit/Daimler/AutoGravity)

2017/EES/54/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Daimler AG („Daimler“) og bandaríska fyrirtækið VW Credit, Inc. („VCI“), sem tilheyrir þýsku samsteypunni Volkswagen AG („Volkswagen“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu AutoGravity Corporation („AutoGravity“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Daimler: framleiðir og dreifir fólksbifreiðum og atvinnubifreiðum, auk þess að veita fjármálþjónustu, þ.m.t. kaupleigu, váttryggingar og umsýslu með bílaflota.
 - VCI: þjónar almennum viðskiptavinum söluaðila Volkswagen í Bandaríkjunum, býður fjármálavörur og -þjónustu, þ.m.t. kaupleigu og fjármögnun fyrir nýjar og notaðar bifreiðar.
 - AutoGravity: lætur viðskiptavinum í Bandaríkjunum í té smáforrit sem gerir þeim kleift að bera saman kosti við fjármögnun og kaupleigu bifreiða með snjallsíma eða á vefsetri AutoGravity.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 287, 31. ágúst 2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8591 – VW Credit/Daimler/AutoGravity og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Upphaf málsmeðferðar
(mál M.8084 – Bayer/Monsanto)

2017/EES/54/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. ágúst 2017 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg innri markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinni tilkynntu samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin hvetur þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta að senda athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (Stjttíð. ESB C 286, 30.8.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8084 – Bayer/Monsanto, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8251 – Bite/Tele2/Telia Lietuva/JV)

2017/EES/54/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. júlí 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8251. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8286 – RHI/Magnesita Refratários)

2017/EES/54/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. júní 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8286. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/54/11**
(mál M.8305 – Rockwell Collins/B/E Aerospace)

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. apríl 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8305. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/54/12**
(mál M.8401 – J&J/Actelion)

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. júní 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8401. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8449 – Peugeot/Opel)

2017/EES/54/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. júlí 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8449. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8545 – Bain Capital Investors/Reiff tyre)

2017/EES/54/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8545. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/54/15**
(mál M.8564 – Viacom International Media Networks Italia/De Agostini Editore/DeA Broadcast JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8564. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/54/16**
(mál M.8568 – Total/Atos/Intouch Corp/Intouch SAS)

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8568. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/54/17**
(mál M.8579 – HgCapital/Visma)

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8579. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.